


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í apríl og maí 2011

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 9. júní 2011

Akureyri. Frjómælingar hófust 19. apríl á Akureyri. Fyrsta frjóid sem mældist kom þann 22. apríl og var af víði en alls urðu frjókornin 12 í apríl, aðallega víði- og lyngfrjó. Fyrri hluti maí var venju fremur hlýr og þá blómgaðið öspin og dreifði frjókornum sem aldrei fyrr. *Alaskaöspin* byrjaði að dreifa frjókornum 30. apríl, rúmri viku fyrr en vorið 2010. Asparfrjó voru nær samfelld í lofti til 21. maí og hafa aldrei mælst jafnmörg og í ár eða 329 frjó/m^3 , frjótalan fór hæst í 65 þann 7. maí (sjá myndrit). Tími asparfrjóa er liðinn í ár hann stóð yfir í þrjár vikur. *Birkifrjó* hafa mælst stopult lengst af í maí. Frá 22. maí hafa þau mælst samfelld en frjótölur verið lágar. Þann 4. júní fór frjótala birkis yfir 100. Birkítímanum er ekki lokið, hann gæti staðið yfir fram undir Jónsmessu. Heildarfjöldi frjókorna í maí reyndist 465 frjó/m^3 , sem er yfir meðallagi. Tvisvar sinnum hafa þau reynst fleiri, í maí 2008 og 2009, en meðalfjöldinn þau þrettán ár sem mælt hefur verið á Akureyri er 350 frjó/m^3 .




Frjókorn voru fleiri en ofast áður þetta vorið á Akureyri. Myndritið sýnir asparfrjó (brúnar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur) og öll frjó (lína). **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring.

Grasfrjó mælast sjaldan í maí á Akureyri og þar er maí 2011 engin undantekning. Grasfrjó voru ekki farin að mælast þann 5. júní. Af öðrum frjógerðum en þeim sem þekktar eru vegna ofnæmisáhrifa á fólk reyndust frjó af víði- og lyngætt algengust.



Reykjavík. Frjómagn í Reykjavík í apríl og maí losaði 2000 frjó/m³ sem er langt yfir meðallagi, munar þar mestu um bæði kröftugt aspartímabil og birkítímabil. *Asparfrjó* hafa aldrei verið fleiri (543 frjó/m³) enda var tíðin hlý þegar aspirnar blómguduðust í fyrstu viku maí. Frjótalan fór hæst í 104 þann 8. maí (sjá myndrit). *Aspartíminn* var enn í gangi þegar birkifrjó fóru að mælast hvern dag en það var 15. maí. *Birkitíminn* hefur staðið yfir í nærri þrjár vikur, honum mun væntanlega ljúka um miðjan júní. Heildarfjöldi birkifrjóa er orðinn 2023 frjó/m³ sem er með því hæsta sem mælst hefur í Reykjavík. Frjótalan hefur verið um og yfir 100 síðan 28. maí (sjá myndrit) en slíkt hefur ekki gerst áður. Mjög mikið var af reklum á birkinu í vor auk þess sem svalt tíðarfarar á birkítímanum er líklegt til að teygja á tímabilinu og gera það langdregnara.



Óvenju mikið var um frjókorn í Reykjavík í maí í ár. Myndritið sýnir asparfrjó (brúnar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur) og öll frjó (lína). **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring.

Grasfrjó sáust aldrei í maí í vor, en í byrjun júní hafa örfá mælst. Þau koma enn stopult fyrir. Sama er að segja um *súrufrjó*. Í báðum hópum, þ.e. meðal tegunda af grasætt og af súruættkvísl, er að finna tegundir sem valda ofnæmi, þó er mun algengara að grasfrjó valdi ofnæmi. Í hópi frjókorna annarra frjógerða en þeirra sem tíundaðar eru hér að framan vegna ofnæmisáhrifa á fólk bar mest á frjókornum af víði- og lyngætt í maímánuði í ár.

— . —

Framundan er frjótími grasa, túnsúru og hundasúru. Í júní eru frjótölur oftast lágar en geta farið yfir 10 þegar kemur fram í miðjan mánuðinn. Á stöðum þar sem gras er látið óslegið og það fær að blómgast og vaxa úr sér verða frjótölur þó mun hærri. Á Íslandi er grasofnæmi algengasta frjóofnæmið.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu. Einnig birtast frjótölur birki- og grasfrjóa á vef NÍ (<http://www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2011/>) sem súlur á myndritum strax og frjótölur liggja fyrir. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. frjómælinga fyrri ára, sjá: http://www.ni.is/media/frjomaelingar/birki_2011.htm og http://www.ni.is/media/frjomaelingar/Gras_2011.htm.

Reykjavík 9. júní 2011

Margrét Hallsdóttir
netfang mh (hjá) ni.is

